

Ed.

909. Tillaga

til þingsályktunar um athugun á gjafasjóði Guðjóns Sigurðssonar í sambandi við tónlistarskólann.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á gjafasjóði Guðjóns Sigurðssonar, um það, hvort ekki myndi samræmanlegt við gjafabréfið, að þessi sjóður styddi nú þegar að meira eða minna leyti starfsemi tónlistarskólans.

Greinargerð.

Guðjón heitinn Sigurðsson stofnaði mikinn sjóð til eflingar hljómlist í Reykjavík, en ekki hefir enn orðið vart við, að sjóður þessi sé tekinn til starfa. Tónlistarskólinn starfar í anda gefandans og hefði mikla þörf fyrir að fá stuðning þviliks sjóðs. Tillagan er borin fram í því skyni að fá málið athugað.